

Minnisblað

Til: Bæjarráðs

Frá: Daníel Jakobssyni og Marzellíusi Sveinbjörnssyni

Dags: 27/6/18

EFNI: HÖNNUN ÚTIVISTARSVÆÐIS Í SKUTULSFIRÐI

Skipulag og hönnun á Tunguskógi, skíðasvæðinu á Seljalandsdal og Tungudal hefur lengi verið í umræðunni. Margir eru að nýta þetta svæði og ýmsar hugmyndir eru upp. Notkunin er fjölbreytt og má það m.a. nefna, skógrækt og golf í Tungudal og skíði á Seljalandsdal og Tungudal, göngustígar hverskonar, hlaupaleiðir, tjaldstæði og hjólreiðar.

Mikilvægt er að skipuleggja þessi svæði með þetta í huga og svo að það samræmis annarri notkun og aðalskipulagi.

Af því tilefni leggja undirritaðir til að hefja skipulagningu/hönnun útvistarsvæða í Skutulsfirði með áherslu á Tungudal, Seljalandsdal og heiðarnar þar fyrir ofan.

Markmiðið verkefnisins væri að búa til mynd af firðinum þar sem búið væri að setja niður þessa framtíðarnotkun. Þannig væri svo hægt að fara í ákveðin verkefni og klára þau frá eftir því sem efni og aðstæður leyfa.

Í verkefninu fælist

- Kortleggja stígakerfi bæjarins og gera tillögur að samhangandi kerfi innan fjarðarins** og yfir í næstu firði. Er þar horft til hverskonar notkunar stíganna, hvort sem það er innan þéttbýlis eða til fjalla.
- Skipuleggja notkun Tungudals.** Tungudalur býður upp á mikla möguleika og þar er í dag margskonar nýting. Í umræddu skipulagi verði horft til þess að Tungudalur gæti orðið eins konar fólkvangur. Þar sem íbúar og ferðamann njóta náttúrunnar. Tjaldi, safnist saman og leiki sér. Svæði eins og Kjarnaskógur á Akureyri gæti verið dæmi um fyrirmynd.
- Framtíðarskipulag skíðasvæðis.** Gerðar verði tillögur að framtíðarskipulagi skíðasvæðis. Skoðaðir verði möguleikar til að til að samnýta göngu- og svígskiðasvæði betur, svæðið verði gert aðgengilegra og aðgerðir til að fjölga opnunardögum verðið skoðaðar. Jafnframt verði haft í huga hvernig megi nýta svæðið betur allt árið með gerð göngu- og hjólaleiða.

Tillaga:

Lagt er til að umhverfisnefnd verði falið að láta skipuleggja, í samráði við skipulagsnefnd og starfsmenn bæjarins stígakerfi innan Skutulsfjarðar, gera framtíðarskipulag í Tungudal með hliðsjón af hvers konar útivist sem og láta framkvæma framtíðarskipulag fyrir Skíðasvæðin á Seljalandsdal og Tungudal með heilsársnotkun í huga. Í verkefnið verði fengnir til þess bærir ráðgjafar og íbúar þurfa að hafa mikla aðkomu að þessu og þetta gæti verið hluti af endurskoðun aðalskipulags.

DJa, MS